



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um að ráða eldri borgara til starfa í leikskólum**

Á fundi borgarráðs 26. ágúst 2021, lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Tillaga Flokks fólksins að ráða eldra fólk, fólk um og yfir sjötugt sem hefur áhuga á að starfa á leikskólum til að draga úr mönnunarfanda leikskólanna. Enn og aftur er ekki hægt að taka börn inn í leikskóla vegna manneklu sem veldur foreldrum ómældu álagi. Svör eru óljós og loðin. Börn sem byrja áttu í september geta kannski byrjað í október. Hér er um að ræða yngstu börnin og þau langyngstu, sem fædd er síðast á árinu, mæta algerum afgangi. Foreldrar eru í örvæntingu sinni að leita annarra leiða, reyna að koma börnum sínum að, jafnvel í öðrum hverfum. Í þessum tilfellum er búið að kveðja dagmæðurnar, sumarfrí er lokið og foreldrar byrjaðir að vinna. Ekki allir foreldrar eiga þess kost að vinna heima auk þess sem lítið verður úr vinnu heima þegar verið er að annast tæplega tveggja ára barn á sama tíma. Fulltrúi Flokks fólksins hefur gagnrýnt þetta harðlega og verið spurður af skóla- og frístundasviði hvaða lausnir hann telji vera í boði. Fulltrúi Flokks fólksins leggur hér til lausn sem er að bjóða fólki sem hefur áhuga á að vera lengur á vinnumarkaði, t.d. starfa í leikskólum en sem hefur verið skikkað af borgarkerfinu til að setjast í helgan stein.*

Greinargerð fylgdi tillögunni.

### **Umsögn skóla- og frístundasviðs:**

Tekið er undir að afar mikilvægt er að nýta starfskrafta allra þeirra sem áhuga og heilsu hafa til að starfa í leikskólum. Samkvæmt kjarasamningum eru starfslok vegna aldurs þegar starfsmaður nær 70 ára aldri. Þó er mögulegt fyrir vinnuveitanda að framlengja ráðningu eða endurráða starfsmann, sem hefur náð 70 ára aldri, í annað starf eða sama starf óski starfsmaður þess. Ef starfsmaður óskar eftir að ráðning verði framlengd eftir 70 ára aldri hefur verið náð hefur alla jafna verið hægt að koma til móts við þær beiðnir, t.d. í leikskólum. Þá ber að nefna að Afleysingastofa Reykjavíkurborgar hefur verið starfrækt frá árinu 2018, en hingað til hefur megináhersla þar verið lögð á að ná til ungs fólk og þá sérstaklega háskólanemenda. Hins vegar er unnið að því um þessar mundir að útfæra kynningarefni Afleysingastofunnar á þann máta að kynningar og þar með Afleysingastofa nái til breiðari hóps en áður hefur verið horft til og þar með þess hóps sem er vísað til hér í þessari tillögu.